

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Að því leyti sem málið er flutt með gjafsókn í héraði vottast, að flutningur þess hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi Ólafur Davíðsson fyrir hönd Leonh. Tang & Söns verzlunar á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar, í þessu máli. Um málskostnað, sekt fyrir ósæmilegan rithátt og ómerking framangreindra ummæla skal hinum áfrýjaða dómi óraskað, þó svo að sektin sé 10 kr. til fátækra-sjóðs Ísafjarðarkaupstaðar og 10 kr. til lands-sjóðs.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Ídæmda sekt ber að greiða, áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 8. febr. 1915

Nr. 2/1915.

Réttvisin

gegn

Jóni Ögmundssyni

## D ó m u r :

Með aukaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 4. desember f. á. var ákærði Jón Ögmundsson vefari, til heimilis í Reykjavík, dæmdur í 3ja ára betrunarhúsvinnu fyrir þjófnað, samkvæmt 234. gr. síðari lið almennra hegningarlaga 25. júní 1869, til greiðslu iðgjalda 300 króna, til Kristjáns bónda Vígfússonar í Vatnsdalshólum og sakarkostnaðar í héraði, þar á meðal málsvarnarlaun, 20 krónur til skipaðs verjanda síns Eggerts yfirréttarmálaflutningsmanns Claessens. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Með játningu ákærða og öðrum skýrslum er fram hafa komið í rannsókn málsins, er það löglega sannað, að ákærði hefir gerst sekur um afbrot það, er nú skal greina: Sumarið 1913 í júnímánuði var ákærði á ferð norður í Húnavatnssýslu. Að því er ákærða minnir fór hann frá Blönduósi 18. júní á leið suður til Reykjavíkur. Hafði ákærði tvo hesta og var einn á ferð. Um kvöldið áður nefndan dag kl. á 12. tímanum, reid hann fram á hestahóp hjá bænum Hólabaki, og tók hann úr hópnum, sem var á beit þar í haganum, brúnan hest, og sló eign sinni á hann. Hest þenna kvaðst ákærði hafa tekið hinum hestunum fremur, af því að hinir hafi verið stýggir, en hann eigi. Þegar ákærði sá hestahópinn, segir hann að löngun til þess að grípa þar hest hafi skyndilega gripið sig, því ekki hafi hann haft áður ásetning í þá átt. Átti hann og hest fyrir, og kveðst ekkert við hesta hafa haft annað að gera hér en skemta

sér á þeim á sunnudögum að sumrinu, því eigi hafði hann leigt út hesta. Ákærði hafði umræddan hest með sér suður til Reykjavíkur, og hafði hann hér um sumarið 1913, þar til er hann kom honum upp í sveit til fóðurs þá um haustið í októbermánuði. Um mánaðamótin marz apríl f. á. tók ákærði aftur við hestinum úr fóðrinu, og hafði hann svo hér um hrið. En 24. apríl 1914 fekk ákærði nafnlaust bréf, og vissi hann eigi hver skrifað hafði. Í bréfinu var aðvörðun til hans um það að hann skyldi fara varlega, því að grunur lægi á honum um það, að brúni hesturinn væri eigi vel fenginn. Sama daginn sem ákærði fekk bréfið fór hann með hestinn suður í Garðahraun, svæfði hann þar, skar hann síðan á háls með saxi, er hann hafði með sér í því skyni, og dysjaði hann síðan í hraungjótu einni.

Eigandi hestsins, Kristján bóndi Vigfússon í Vatnsdalshólum, hefir í máli þessu krafist iðgjalda fyrir hestinn, svo og skaðabóta fyrir kostnaði við að leita hestsins og ýmsan annan kostnað, er hann hafði haft í sambandi við hesthvarfið, alls kr. 300. Hefir ákærði eigi mótmælt þessari kröfu, og ber því samkvæmt 302. grein hegningarlaganna að dæma hann til að greiða hana, eins og í aukaréttardóminum er gert.

Ákærði er fæddur 23. nóvember 1868 og hefir sætt ákæru og refsingu svo sem hér segir:

1. 9 mánaða betrunárhúsvinnu fyrir einfaldan þjófnað og stórþjófnað samkvæmt almennum hegningarlögum 230. gr. og 231. gr. 1. lið, samkvæmt aukaréttardómi Húnavatnssýslu 9. október 1888 og

8 mánaða betrunarhúsvinnu, sem hegningarauka við áðurnefnda refsingu, eftir 65. gr. hegningarlaganna, samkvæmt landsyfirréttardómi 9, september 1889, fyrir skjalafals samkvæmt 270. gr. hegningarlaganna.

2. 18 mánaða betrunarhúsvinnu fyrir skjalafals samkvæmt 270. gr. hegningarlaganna og fyrir stórbjófnað samkvæmt 231. gr. 1. lið sbr. 232. gr. sömu laga, með aukaréttardómi Árnassýslu 13. jan. 1891 og 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð, sem hegningarauka eftir 65. gr. hegningarlaganna fyrir skjalafals samkvæmt 270. gr. og fyrir stórbjófnað, samkv. 232. gr. 2. málslið alm. hegningarlaga, með aukaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar 8. júní 1892.

3. 4 ára betrunarhúsvinnu fyrir stórbjófnað og einfaldan bjófnað, samkvæmt 232. gr. hegningarlaganna og fyrir óheimila brúkun á hrossi samkvæmt 238. gr. sömu laga, með landsyfirréttardómi 15. maí 1893, og loks

4. 6 ára tyftunarhúsvinnu fyrir stórbjófnað, samkvæmt síðari lið 234. gr. alm. hegningarlaga, með landsyfirréttardómi 7. marz 1898.

Meðan málið var til rannsóknar í héraði vakti landlæknir máls á því, að ákærði mundi haldinn af geðbilun, er við og við mundi gera vart við sig og lýsa sér í tilhneigingu til stulda (kleptomania). Var ákærði því settur á geðveikrahælið á Kleppi og var þar í nokkra mánuði til rannsóknar. Hefir læknir hælisis, Þórður Sveinsson, látið það álit sitt uppi að ákærði sé eigi geðveikur, en hann álitur að áfengi hafi afbrigðileg (abnorm) áhrif á ákærða, hvort

sem hann neyti þess í smáum stíl eða stórum. Þegar ákærði sé eigi undir áhrifum áfengis, þá sé hann stiltur og þrúður í daglegri umgengni og hinn áreiðanlegasti, en við vin sé hann að sama skapi útsláttarsamur, ferðalöngunin komi þá fram í honum og óviðráðanleg löngun til þess að fást við kaup og sölu (allskonar brask) og annað þviumlíkt, er eigi þekkist annars í fari hans.

Ákærði hefir að vísu skýrt svo frá í máli þessu, að hann hafi verið »dálítið kendur« kveldið sem hann tók hest þann, er í máli þessu greiur. En það verður þó eigi talið að þau brögð hafi verið að vinnautn ákærða þá, að hann hafi eigi verið sér þess fyllilega meðvitandi, að hann framkvæmdi óréttmæta og refsiverða athöfn með hesttökunni. Verður því eigi álitíð að nefnt atriði skifti að lögum máli, sem sakhæfi ákærða í þessu máli.

Samkvæmt framansögðu hefir ákærði gerst sekur um stórþjófnað, og hefir héraðsdómarinn réttilega heimfært verknað hans undir 234. gr. síðari málslið almennra hegningarlaga, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 3ja ára tyftunarhúsvinna.

Ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað samþykkjast, og ber því að staðfesta hann með áður nefndri breytingu á refsingunni.

Ákærða ber að greiða allan kostnað, er af áfrýjun málsins til yfirdómsins leiðir, þar með talin málflytningu- og skipaðs sækjanda og verjanda í málinu, er ákveðast 15 krónur til hvors.

Það er áthugavert, að héraðsdómarinn hefir lagt fram í máli þessu og látið fylgja skjölum þess, allar

dómsgerðir og rannsóknargerðir í öllum eldri sakamálanum, sem höfðuð hafa verið gegn ákærða, og hefir málið fyrir það orðið óþarflega umfangsmikið, því að nægt hefði að leggja fram eftirrit af hinum eldri fullnaðardómum yfir ákærða.

Að öðru leyti vottast, að meðferð málsins í héraði hefir verið vítalaus og flutningur þess fyrir dómi lögmætur.

#### Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jón Ögmundsson sæti 3 ára tyftunarhússvinnu. Að öðru leyti á aukaréttardómurinn að vera óraskaður. Svo greiði ákærði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens 15 krónur til hvors.

Dæmd iðgjöld greiðist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dómsins og ber yfirleitt að fullnægja dómnum með aðför að lögum.